

## 2. Stjórnarfundur Andvara 2010 – 2011

Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 26. janúar kl.19:00.

Mætt voru Ingibjörg G. Geirsdóttir, Guðjón Árnason, Geirprúður Geirsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Hulda Jóhannsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Dagskrá fundarins

Hestadagar LH vikuna 28.mars til 2.apríl.

- Andvari á að sjá um dagskrá þriðjudaginn 29.mars. Hugmyndin er að bjóða upp á kynningu í landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og heimsækja hrossabúa þar í grenndinni. Þórdís, Guðjón og Geirprúður taka að sér að ræða við viðeigandi aðila. Ingibjörg ætlar að athuga með leiðsögumann fyrir hópinn.

Tölvupóstafang Andvara.

- Þórdís ætlar að athuga með hvort hægt sé að færa póstinn yfir í netfangið [andvari@gmail.is](mailto:andvari@gmail.is) sem er auðveldara í notkun.

Sameining.

- Enn er beðið eftir aðalfundi Gusts og kosningar á nýrri stjórn hjá þeim en eftir hann er stefnt á sameiningarviðræður.
- Æskulýðsnefnd Gust er tilbúin að taka þátt í sameiginlegu æskulýðsmóti með Andvara 1.maí n.k. Einnig hafa þau áhuga á að félögin hafi sameiginlegt atriði fyrir æskan og hesturinn. Hrafnhildur mun hafa samband við þau.

Val á íþróttamanni ársins hjá Andvara.

- Ákveðið var að hafa sama fyrirkomulag og undanfarin ár.
- Verðlaunaafhending fyrir efnilegasta knapa Anvara verður í höndum æskulýðsnefndar á uppskeruhátíð. Efnilegasti knapinn á að vera yngri en 16 ára.

Verkefni vetrarins

- Hugmyndir komu um að bjóða upp á fjölbreyttari námskeið t.d í viðgerðum á reiðtygjum og skyndihjálparnámskeið.
- Laga þarft ofaníburð fyrir utan höll
- Guðjón ætlar að hafa samband við orkuveituna í sambandi við lagfæringar á lýsingu á Kjóavallahringnum

Saga félagsins

- Kristinn Hugason er að skoða málið um að taka að sér að halda utan um verkefnið við að skrifa sögu félagsins. Ekki búið að taka ákvörðun um hvað á að greiða honum fyrir.
- Ekki er búið að ákveða í hvaða formi á að gefa út söguna um er að ræða netútgáfu, í bókarformi eða tímritsform

Önnur mál

- Ekki er búið að ganga frá samning við Garðbæ um styrk til félagsins.
- Vegna hestadaga verða vetrarleika 2 færðir yfir á laugardaginn 9.apríl
- Geirprúður og Ingibjörg verða fulltrúar Andvara á UMSK þingi fimmtudaginn 10. febrúar

- Vífilfell ætlar að styrkja tvenna vetrarleika Andvara með 60.000 krónum
- TM er tilbúið að styrkja einhverja leika og Hulda ætlar að vera í sambandi við þá út af því.
- Leita á eftir tilboðum í tryggingar fyrir félagið
- Samkvæmt heilbrigðisreglugerðum hjá Garðabæ eiga hesthúsaeigendur að losa skít í gáma. Ekki verður tekið hart á því hjá þeim húsum sem fyrir eru en krafa á ný hús.